

## **Aðgerðaráætlun Þingeyjarskóla um skólastarf í kjölfar takmarkana yfirvalda vegna COVID-19 veirunnar.**

Almannavarnir hafa lýst yfir neyðarstigi vegna COVID-19 veirunnar. Stjórnendur Þingeyjarskóla leggja sig fram við að fylgjast með þróun mála. Viðbrögð við stöðunni eru ítrekað endurmetin, sem og ráðstafanir sveitarfélagsins, út frá tilkynningum og leiðbeiningum almannavarna og landlæknis.

Aðgerðaráætlun skólans byggir á þeim forsendum að aðgerðir almannavarna og landlæknis snúist á þeim tímamarki sem áætlunin er gerð, fyrst og fremst um að hægja á dreifingu veirunnar til að innviðir samfélagsins ráði sem best við stöðuna hverju sinni og verja þau fyrir veirunni sem eru viðkvæmust fyrir, s.s. eldra fólk og þá sem eru með undirliggjandi sjúkdóma.

Meginregla stjórnenda Þingeyjarskóla er að nálgast viðfangsefnið af yfirvegum með jákvæðni og lausnarleit að leiðarljósi. Tilmæli yfirvalda, s.s. Almannavarna og landlæknis, verða megin leiðarvísir skólans í öllum aðgerðum auk þess sem leiðbeiningar frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga sem og samráð við skóla í sambærilegri stöðu er haft til hliðsjónar.

Þann 11. mars síðastliðinn var virkjuð Viðbragðsáætlun Þingeyjarskóla vegna COVID-19 veirunnar.

<https://www.thingeyjarskoli.is/static/files/Aaetlanir/vidbragdsaaetlun-vegna-heimsutbreidslu-veirusykingar.pdf>

Sá listi sem birtist í framhaldi þessara orða er nákvæmari útlistun á þeirri viðbragðsáætlun og verður hún uppfærð jafnóðum sem nýjar upplýsingar eða ákvarðanir berast frá yfirvöldum sem kunna að hafa áhrif á skipulag skólastarfs. Við gerð þeirra sviðsmynda sem settar eru fram í þessari áætlun er fyrst og fremst lögð áhersla á að fylgja tilmælum yfirvalda skv. auglýsingu um takmörkun á skólastarfi vegna farsóttar sem birtist á vef Stjórnarráðsins 13. mars 2020, en þar segir m.a. að: Markmiðið með takmörkun skólastarfs er að hægja eins og unnt er á útbreiðslu COVID-19.

<https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=23a0ee4d-6537-11ea-945f-005056bc4d74>

Skólastarf grunn- og tónlistardeildar Þingeyjarskóla er skipulagt útfrá þeim takmörkunum sem settar eru fram sem viðmið um takmarkanir á skóla- og frístundastarfi vegna COVID-19. Þau viðmið voru unnin í samstarfi fræðsluyfirvalda og Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Þetta eru fordæmalausir tímar hjá okkur núna. Hlutirnir hafa verið að gerast hratt og það sem á við í dag á ekki endilega við á morgun. Við byrjum skólastarfið með þeim hætti sem lýst er hér fyrir neðan og þeim takmörkunum sem þessu fylgir. Starfsfólk mun verða með stöðumat vegna skólastarfsins á fimmtudaginn eftir kennslu í framhaldi af því verða teknar frekari ákvarðanir. Skólinn mun reyna af fremsta megni að halda ykkur upplýstum.

- Skóli verður frá kl. 8:15 – 12:00

- Nemendum ekið heim fyrir hádegisverð (fá ekki hádegisverð í skóla)

- Nemendur fá morgunverð í skólanum á mismunandi tímum og í þeim hópum sem tilheyra heimastofum þeirra.

- Til að fylgja eftir takmörkunum um hámark 20 nemendum í hópi og á svæðum verður nemendum skipt upp í 5 hópa. 1. – 2. bekkur, 3. – 4. bekkur, 5. bekkur, 6. – 7. bekkur og 8. – 10. bekkur.
- Hver nemendahópur hefur sína heimastofu.
- Verkgreinastofur verða lokaðar.
- Íþróttasalir og sundlaug lokað.
- Frímínútur skipulagðar þannig að hópar skarist ekki.
- List- og verkgreinakennsla fellur niður en kennarateymi hvers hóps fyrir sig hvött til að skipuleggja skapandi vinnu með nemendum á heimasvæði eftir því sem aðstæður leyfa.
- Íþrótt- og sundkennsla fellur niður en kennarateymi hvers hóps fyrir sig skipuleggur hreyfingu og útiveru með tilliti til annarra hópa. Þ.e. að ekki verði um skörun hópa að ræða.
- Endurröðun húsgagna á svæðum til að minnka nánd og snertingu.
- Foreldrum er heimilt að óska eftir því að barn þeirra stundi nám heima fyrir með stuðningi kennara. Koma þarf upp heimastundatöflu og heimapakka. Ef til þessa kemur þarf að láta umsjónakennara vita.
- Salernum skólans skipt upp á milli mismunandi hópa.
- Skólaakstur helst óbreyttur á eftirfarandi forsendum. Val er um það hvort börnum foreldra eða systkina sem eru í áhættuhópi eru keyrð á einkabílum/af aðstandendum. Börnum í skólabíl er raðað þannig að systkini sitja hlið við hlið og aðrir sitja með einhverja fjarlægð á milli. Við komu í skólann skal þess gætt að skólabílar séu ekki hleypta nemendum út á sama tíma.
- Kennari tekur á móti nemendum í heimastofu í upphafi dags þannig að ekki myndist skörun fyrir framan kennslustofur.
- Ekkert samstarf við Framhaldsskólann á Laugum á þessu tímabili.
- Ráðleggingum um þrif og sóttvarnir fylgt í hvívetna.